

Innviðaráðuneytið
Sölvhólsgrötu 7
101 Reykjavík

Mosfellsbær, 9. október 2024

Umsögn samráðshóps um velferðarmál á höfuðborgarsvæðinu um drög að reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk, S-181/2024

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt, dags. 17. september sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um drög að reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk en samráðshópur um velferðarmál á höfuðborgarsvæðinu (hér eftir samráðshópurinn), þar sem sitja sviðsstjórar velferðarsviða höfuðborgarsvæðisins, fjallaði um drögin að fyrrnefndri reglugerð á fundi sínum í morgun, þann 9. október og studdist þar við athugasemdir ráðgjafahóps um málefni fatlaðs fólks, sem starfar í umboði samráðshópsins og er samsettur af sérfræðingum í málaflokki fatlaðs fólks hjá sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu. Vill samráðshópurinn því koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við drögin.

Frá því að þjónusta við fatlað fólk fluttist frá ríki til sveitarfélaga árið 2011 hafa orðið gríðarmiklar breytingar á þjónustu við fatlað fólk, bæði vegna framþróunar og aukinna krafna í lagasetningu. Hefur ítrekað verið bent á mikilvægi þess að fjármagn fylgi málaflokknum svo unnt sé að byggja upp og viðhalda umræddri þjónustu en ljóst er að mikill halli hefur verið á málaflokknum á undangengnum árum. Viðræður um framangreint hafa staðið yfir milli ríkis og sveitarfélaga og sér ekki enn fyrir endann á þeim.

Margar jákvæðar breytingar eru lagðar til í drögunum en samráðshópurinn veltir því upp hvort þessar breytingar séu tímabærar, sérstaklega með hliðsjón af áfangaskýrslu II þar sem kynntar eru aðgerðir, m.a. þriðja stigs þjónusta sem veitt yrði af hendi ríkisins. Með þriðja stigs þjónustu er sérstaklega horft til boðaðra aðgerða í köflum II til V í áfangaskýrslu II en áætlaður rekstrarkostnaður á ári vegna þeirrar þjónustu er áætlaður um 5 ma.kr. á ári utan uppbyggingar úrræðanna. Ljóst er að þjónusta við þá einstaklinga sem líklega munu falla undir skilgreiningu þriðja stigs þjónustu er í dag fjármögnuð að mestu leyti á grundvelli raunkostnaðar. Samráðshópurinn bendir sérstaklega á að ekki sé unnt að stöðva slíkar greiðslur til sveitarfélaga áður en búið er að byggja upp þau úrræði sem um ræðir.

Engar athugasemdir eru við liði 1 og 4-8.

Liður 2: Samráðshópurinn leggur til að farin verði leið A þar sem þjónusta er reiknuð út frá kostnaðargrunni fyrir börn sem aldurs síns vegna hafa ekki getað fengið SIS mat. Í tillögunni virðist gert ráð fyrir að greitt sé fyrir börn yngri en sjö ára skv. kostnaðargrunni en engar greiðslur fáiast fyrir börn eldri en sjö ára sem ekki eru með SIS mat. Samráðshópurinn hefur miklar áhyggjur af því að slíkt muni leiða til verulegra skertra tekna sveitarfélaga vegna þeirra barna sem hafa miklar þjónustufarir, uppfylla ekki skilyrði þess að fá þjónustu barna með fjölþættan vanda. Er því kallað eftir því að framkvæmt verði kostnaðarmat á þessum lið reglugerðarinnar.

Liður 3: Skýra þarf betur hvar kostnaðurinn vegna langtímaveikinda NPA aðstoðarfólks muni falla. Mælt er til að ákvæðið verði inni þar til ný reglugerð um NPA liggi fyrir.

Samráðshópurinn bendir enn fremur á að hvor leiðin sem er valin sé líklegt að hún leiði til skerts framlags úr Jöfnunarsjóði til sveitarfélaganna og þess að ekki verði greitt framlag vegna ákveðinna notenda þjónustunnar, eins og áður hefur komið fram. Er í þessu samhengi einnig tekið undir það sem fram kemur í umsögnum annarra, þ.e. að SIS-mat sé ekki lögbundið þó það sé yfirlýst markmið, t.a.m.



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Í samningi ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um breytingu á fjármögnun málaflokksins frá því í desember 2023 og virðist það ekki ná til allra notenda. Er þess sérstaklega saknað að ekki hafi verið boðað til samráðs við velferðarsvið sveitarfélaganna vegna fyrirhugaðrar reglugerðarsetningar.

Benda skal á 129. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 en þar segir að ef fyrrsjáanlegt er að tillaga að lagafrumvarpi, tillaga að stjórnvaldsfyrirmælum eða aðrar stefnumarkandi ákvarðanir af hálfu stjórnvalda ríkisins muni hafa fjárhagsleg áhrif á sveitarfélög skuli fara fram sérstakt mat á áhrifum þeirra á fjárhag sveitarfélaga. Af þeim upplýsingum sem er að finna á samráðsgátt verður ekki greint að slíkt mat hafi farið fram. Er hvatt til þess að það verði framkvæmt og að útreikningar fylgi tillögum að breytingum um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga en án þess er mjög erfitt að greina fjárhagsleg áhrif þeirra.

Samkvæmt framansögðu er hvatt til þess að drögin verði unnin frekar og að upplýst verði um kostnaðaráhrif þeirra.

Virðingarfyllst,
Fyrir hönd samráðshóps um velferðarmál á höfuðborgarsvæðinu

Sigurbjörg Fjölvisdóttir